

„Ljós móðurnámið hlýtur að vera skemmtilegasta námið og það getur ekki annað verið en að við séum besta hollið!“

Það má með sanni segja að síðastliðið rúma ár hafi verið viðburðaríkt hjá okkur ljósusystur. Sambland af heilmiklum lærdómi, gleði, spennu, þrautseigju, hörku og kærleik. Við munum allar eftir því við upphaf fyrsta skólaársins þegar við hlustuðum á eldri systur okkar kynna tilfellaaverkefni sín. Mikið þótti okkur þær búa yfir mikilli þekkingu eftir eitt ár og okkur fannst afar langsótt að við ættum eftir að standa í sömu sporum eftir aðeins ár. Okkur grunar samt að svo hafi verið í haust þegar við kynntum tilfellaaverkefni okkar fyrir yngri systur. ☺

Þessi lukkupottur sem margar tala um að hafa dottið í eftir að hafa byrjað í þessu námi, jú við lentum líka í honum. Þarna vorum við búnar að eignast frábæran vinkonuhóp á einu bretti, hver annarri ólíkari. Við sáum þó fljótt hvað það var sem við áttum allar sameiginlegt, sælkerar fram í fingurgóma! Já, það er óhætt að segja að við höfum hent í nokkra rétti og hnallþóru þetta árið. Við fundum okkur alltaf tilefni til að fagna og gleðjast saman, hvort sem það var áfangalok, afmæli hjá bekkjarsystur eða bara af því að það var föstudagur.

Sumarbústaðarferð okkar sem við fórum í snemma á önninni mun seint gleymast. Þar var mikið hlegið, talað, borðað og notið í botn. Fljótlega eftir þá ferð fannst okkur tilvalið að hittast eitt kvöldið og bjóða mökum með. Kynnst öll og gefa þeim tækifæri á að heyra að þeir stæðu ekki einir. Það væru fleiri menn í þeirra sporum sem þurftu sífellt að hlusta á umræður um fæðingar, alla daga. Vísindarferðin til Keflavíkur var líka ótrúlega skemmtileg og lærdómsrík. Ljósmaður þar buðu okkur í heimsókn til að kynnst starfsemi þeirra í Keflavík. Við nýttum tækifærið, hoppuðum upp í rútu og brunuðum á Suðurnesið.

Meðan á öllu þessu stóð vorum við einnig á kafi í lærdómi og verkefnavinnu. Fyrsta skólaárið byrjaði með hörku þar sem fyrstu verkefnaskilin voru í sömu viku og við byrjuðum, algjörlega blautar á bak við eyrun. Það var mikið álag þetta fyrsta ár í skólanum og við allar að keppast við sama markmiðið, að verða góðar ljósmaður. Við þurftum að takast á við mörg verkefnaskil, heimapróf, munnlegt próf og skriflegt próf.

Við vorum vel upplýstar um gamlar hefðir sem höfðu ríkt í deildinni í gegnum árin, eldri systur okkar sinntu þeirri skyldu með þrýði. Við buðum þeim m.a. í jólakaffi, þar sem dekað var upp með sparistelli, hvítum dúk og að sjálfsögðu boðið upp á hlaðborð af kræsingum. Okkar bekkur breytti svo einum saumaklúbbum í jólaklubb þar sem við hittumst og vorum með „jólapúkk“ og jólastemmningu. Það sem var hlegið það kvöld!

Þegar við hittumst ferskar eftir jólafríð vorum við flestar sammála um eitt, við höfðum aldrei átt jólafrí þar sem við vorum nánast að bíða eftir því að það kláraðist. Jú, það var svo sannarlega ástæða fyrir því. Í byrjun janúar hófum við okkar fyrsta verknam sem ljósmóðurnemar. Við vorum að fara að taka á móti okkar fyrsta ljósubarni og færa því fallega smekkin merktan „fyrsta ljósubarnið“ sem við fengum í gjöf frá okkar kærri eldri systur. Við vorum allar með stóran hnút í maganum en samt svo tilbúnar í þetta.

Álagið minnkaði ekki og nú tók við tími þar sem reyndi mikið á, nú þurftum við að fara að tengja saman bóklega hlutann við verkefna námið. Við vorum að upplifa svo margt nýtt og spennandi. Við vorum staðráðnar í að láta ekki álagið hafa áhrif á félagslíf okkar. Árshátíðin tókst vel til þar sem við buðum eldri systur og kennurum með okkur. Við fórum út að borða og áttum virkilega skemmtilegt og vel heppnað kvöld saman. Saumaklubbarnir voru ófáir, þar sem þrjónarnir voru teknir fram, borðað og deilt sögum úr verknámi. Nauðsynlegar stundir til að létta á hjarta okkar, bera saman bækur og læra af hver annarri.

Þetta er búið að vera frábær tími. Ljós móðurnámið hlýtur að vera skemmtilegasta námið og það getur ekki annað verið en að við séum besta hollið! ☺

*Fyrir hönd Oddrúnar
Anna Margrét Einarsdóttir
Heiður Sif Heiðarsdóttir*



Ljósmaðranemar á öðru ári veturinn 2015-2016.